

Nd. **93. Frumvarp til laga** [92. mál]
um breyting á lögum um Landhelgisgæslu Íslands, nr. 25 22. apríl 1967.
(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986.)

1. gr.

12. gr. orðist svo:

Nú fær skip eða loftfar Landhelgisgæslunnar laun fyrir björgun verðmæta og fer þá um ráðstöfun björgunarlauna eftir ákvæðum laga, þó svo að hlutur áhafnar skiptist að rétttri tiltölu miðað við föst mánaðarlaun hvers og eins. Hlutur Landhelgisgæslunnar af björgunarlaunum rennur í Landhelgissjóð.

2. gr.

Ákvæði 1. gr. gilda um björgun eftir 15. september 1986.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í 12. gr. laga nr. 25 22. apríl 1967, um Landhelgisgæslu Íslands, eru sérákvæði um skiptingu björgunarlauna sem til landhelgisgæslunnar falla er nokkra sérstöðu hafa. Skiptast björgunarlaun, er til skipta koma, þannig að áhöfn skips eða flugvélar hlýtur einn fjórða hluta er síðan skiptist í réttu hlutfalli við föst mánaðarlaun hvers og eins en Landhelgissjóður hlýtur þrjá fjórðu hluta. Af óskiptu skal fyrst greiða útgjöld vegna björgunarinnar önnur en venjulegan rekstrarkostnað og af hluta Landhelgissjóðs má greiða ákveðna fjárhæð til þeirra sem mest hafa lagt sig fram við björgunina.

Í 169. gr. siglingalaga, nr. 34 19. júní 1985, eru almenn ákvæði um skiptingu björgunarlauna sem falla til skips. Þegar greiddur hefur verið af óskiptu tiltekinn kostnaður vegna tjóns, er hlýst af björgunarstarfinu, aukinn rekstrarkostnaður sem af því leiðir og sérstök aukabóknun til björgunarmanna skiptast björgunarlaunin þannig að í hlut útgerðar koma þrjú fimmtu hlutar en tveir fimmtu hlutar falla til áhafnar. Er meginreglan þá sú að hlutur áhafnar skiptist þannig að skipstjóri hlýtur þriðjung en hin eiginlega skipshöfn tvo þriðju hluta er svo skiptast að réttu til tölu við föst laun hvers og eins eða hlutaskiptareglur. Hin nýju siglingalög breyttu að ýmsu eldri ákvæðum um skiptingu björgunarlauna. Áttu þær breytingar sér að verulegu leyti fyrirmynd í löggjöf annarra Norðurlandþjóða en nokkur atriði áttu sér hliðstæðu í lögum um landhelgisgæsluna. Með hinum nýju lögum var heimilað að greiða í ríkara mæli en áður af óskiptu rekstrarkostnað og aukabóknun til björgunarmanna, svipað og er samkvæmt lögum um landhelgisgæslu. Auk þess var hlutur skipshafnar í björgunarlaunum hækkaður úr einum þriðja hluta (miðað við gufuskip) á kostnað útgerðarinnar. Þá var skiptingu milli áhafnar innbyrðis breytt en þeim hluta var áður skipt að jöfnu milli skipstjóra annars vegar og skipshafnar hins vegar.

Í lögum um loftferðir, nr. 34 21. maí 1964, eru eigi hliðstæð ákvæði um skiptingu björgunarlauna en um rétt til bjarglauna vegna björgunar loftfars gilda hliðstæðar reglur og um björgun skipa, sbr. 139. gr. laganna.

Við endurskoðun siglingalaga var talið að eigi væru rök til að láta aðrar reglur gilda um varðskip en um önnur skip og að sömu sjónarmið hljóti þá og að eiga við um loftför. Voru tillögur þessa efnis lagðar fram af nefnd sem endurskoðaði ákvæði siglingalaga um björgun, sbr. þingsályktun frá 19. maí 1981, er síðan voru felld inn í heildarendurskoðun siglingalaganna.

Frumvarp þetta felur í sér þá breytingu að samræma ákvæði laga um landhelgisgæslu að mestu almennum reglum um skiptingu björgunarlauna og eykst þá hlutur áhafnar úr 25% í 40% af því sem til skipta kemur. Frumvarpið gerir þó áfram ráð fyrir því að skipting björgunarlauna milli áhafnar innbyrðis verði óbreytt og að hlutur skipstjóra ráðist af launahlutfalli einu.

Frumvarp þetta fjallar í engu um það hvenær unnið sé til björgunarlauna eða hvernig þau verða ákvörðuð.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að hinar nýju reglur um skiptingu björgunarlauna gildi um björgunaraðgerðir eftir 15. september 1986. Er þá höfð hliðsjón af gildistöku samkomulags um þóknun til varðskipa og fiskiskipa (útgerða og áhafna) fyrir björgun fiskiskipa 100 rúmlesta eða stærri þegar ekki er um yfirvofandi hættu að ræða. Þetta samkomulag var undirritað 16. september 1986 af Sambandi íslenskra fiskiskipatrygginga annars vegar og Landhelgisgæslu Íslands og Landssambandi íslenskra útvegsmanna hins vegar ásamt Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Sjómannasambandi Íslands.